

## FUNDARGERÐ

### 126. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 30. júní 2009 kl. 12<sup>00</sup>–14<sup>15</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)  
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.

#### 1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (125. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina

#### 2. Rekstur fyrstu fjóra mánuði ársins

a) Heildartekjur fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 voru 216 mkr. en 154 mkr. nú, árið 2009. Hliðstætt voru gjöld árið 2008 223 m.kr. en 208 m.kr. í ár. Sé frekar greindur þessi mikli munur á tekjum milli ára kemur fram að samdráttur er 50-70% í vörflokkum hjólbarða, rafgeyma og prentlita.

b) ÓK greindi frá fundi um hagræðingarkröfur, sem forstöðumenn voru boðaðir til hjá umhverfisráðherra. Ráðherra óskar eftir því að óskir um fjárheimildir stofnana verði eigi hærrí en sem nemur 90% af því, sem var á fjárlögum 2009. Á það við um rekstrar-kostnað af stjórnun sjóðsins. Þá var þess óskað að ekki yrði gengið á sjóð Úrvinnslusjóðs á næsta ári, 2010.

#### 3. Greiðslur til þjónustuaðila

Lögð voru fram drög að endurskoðun einingarverða til þjónustuaðila fyrir spilliefni. Rætt var um frekari endurskoðun á fyrirkomulagi þessara mála í haust.

*Drögin samþykkt enda verði fyrirkomulagið endurskoðað í haust.*

ÓK gerði grein fyrir þróun á pappaverði í Þýskalandi annars vegar og greiðslum Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila hins vegar. Úrvinnslusjóður hækkaði greiðslur til þjónustuaðila tímabundið s.l. vetur, eftir að markaðsaðstæður gjörbreyttust í kjölfar fjármálakreppu. Verð á endurvinnslumörkuðum hafa hækkað á árinu auk þess sem gengi IKR hefur fallið,

*Samþykkt var að lækka einingarverð um 2 kr./kg frá og með 1. júlí n.k.*

#### 4. Skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir

Lagt var fram afrit af bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til umhverfisráðherra, dags 18-06-09, um fyrirhugað frumvarp til laga þar sem markmiðið verði að breyta starfsemi Endurvinnslunnar hf. til samræmis við kröfu um framleiðendaábyrgð. Sambandið

vekur athygli á að það skilakerfi, sem nú hefur verið við lýði í tvo áratugi hafi reynst afar vel og telur því fremur ástæðu til að festa það fyrirkomulag í sessi. Sérstaklega er tekið fram að Sambandið leggst alfarið gegn því að farin verði sama leið og við innleiðingu framleiðendaábyrgðar vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs — að skylda sveitarfélög til þess að útvega aðstöðu fyrir ótakmarkaðan fjölda skilakerfa.

## 5. Erindi frá Ísafjarðarbæ

Fyrir fundinn var lagt erindi Ísafjarðarbæjar um að safna í sama grendargám umbúðum, dagblöðum o.fl. og brenna allt í Funa. Greiðsla Úrvinnslusjóðs yrði samkvæmt mati á hlutföllum hinna ýmsu vöruflokka í blöndunni.

*Stjórnin felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri starfsreglum sjóðsins.*

## 6. Þjónustuaðilar

Gámaþjónusta Austurlands - Sjónarás, Fjarðarbyggð, sækir um að gerast þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs með heyrúlluplast.

*Umsóknin samþykkt.*

## 7. Fundir haustsins

Lögð var fram áætlun um fundi Úrvinnslusjóðs á þriggja vikna fresti frá 1. sept. til áramóta. Fram til þess falli fundir niður vegna sumarleyfa.

*Ekki athugasemdir við fundáætlunina.*

## 8. Önnur mál

- a) Pro Europe. Formaður sagði að Pro Europe fundurinn um s.l. mánaðarmót hefði verið afar vel heppnaður.
- b) Skuldbindingar Úrvinnslusjóðs. *Stjórnin felur ÓK að senda ráðuneyti bréf um skuldbindingar Úrvinnslusjóðs, sem áður hafa verið til umræðu.*
- c) Ársfundur Úrvinnslusjóðs. ÓK gat þess að markmiðið væri að ársfundur yrði haldinn 17. eða 24. sept.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 1.. sept. kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs